



Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir alifuglarækt (Stjörnuegg) á Sætúni á Kjalarnesi, F2085677.

Nafn leyfishafa: Stjörnuegg hf.

Heimilisfang: Vallá

Póstnúmer: 162

Kennitala: 630191-1579

Útgáfudagur leyfis: 10. nóvember 2021

Gildir til: 10. nóvember 2033

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir alifugla- og svínabú.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 10. nóvember 2021



Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis fyrir

Stjörnuegg hf.

kt. 6930191-1579

Vallá, 116 R.

Starfsleyfi fyrir alifuglabú Stjörnueggs hf í Sætúni, 116 R.

1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur móttók þann 11.10.2021 umsókn Stjörnueggja hf. kt. 6930191-1579, um starfsleyfi fyrir alifuglabú í Sætúni. Sótt er um endurnýjun starfsleyfis til 12. ára.

Móttaka umsóknar var auglýst á heimasíðu Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER), www.reykjavik.is/thjonusta/heilbrigðiseftirlit-reykjavikur, þann 11.10.2021. Þá lá fyrir tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Í tillögunni er lagt til að um starfsemina gildi almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og og samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir alifugla- og svínabú.

2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðaðróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti. Starfsemin er í samþykktu húsnæði.

3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur í umboði heilbrigðisnefndar að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir alifuglabúi Stjörnueggja hf. í Sætúni á heimasíðu Heilbrigðiseftirlitsins. Auglýsingin var birt þann 11.10.2021 og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 8.11.2021.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

6. Ákvörðun heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis



Í samræmi við viðauka 2.2 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019, var ofangreind starfsleyfisumsókn Stjórnueggja hf. tekin til afgreiðslu á 1581. afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur þann 10.11.2021 og samþykkt að gefa út starfsleyfi til 12. ára.

7. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðiseftirlitsins í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Reykjavík, 10.11.2021.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur,

Óskar Ísfeld Sigurðsson
deildastjóri



Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi

1. Gildissvið og almenn ákvæði

- 1.1 Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi eru gefin út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur eftirlit með starfseminni.
- 1.2 Handhafi starfsleyfis skal vera sá einstaklingur eða lögaðili sem rekur eða stýrir þeirri starfsemi sem starfsleyfið nær til, hér eftir kallaður rekstraraðili. Rekstraraðila ber að sjá til þess að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda og ákvæði starfsleyfisskilyrða. Rekstraraðili ber ábyrgð á að starfsemin fari með þeim hætti að hvorki fólki né umhverfi stafi hættu af.
- 1.3 Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða ef mengun er meiri en búast mátti við. Sama gildir ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi eða fram kemur ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna, samanber gr. 5 í rgl. 550/2018.
- 1.4 Um endurskoðun á starfsleyfisskilyrðum skal fara skv. ákvæðum í gr. 14 í reglugerð nr. 550/2018.
- 1.5 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ber að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Ef rekstraraðili fyrirhugar að gera breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem varðað geta starfsleyfið ber honum að tilkynna Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um það með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara, sbr. gr. 13 í rgl. 550/2018. Heilbrigðiseftirlitið metur upplýsingarnar innan fjögurra vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega um það hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.
- 1.7 Öll mengunaróhöpp þar sem hættuleg efni eða spilliefni berast í fráveitu, jarðveg, sjó eða yfirborðsvatn ber tafarlaust að tilkynna Heilbrigðiseftirlitinu.
- 1.8 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um úrbætur getur Heilbrigðiseftirlitið beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.9 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.10 Um opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer skv. gr. 57 í rgl. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.11 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af skilyrðunum skal ávallt tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.



- 1.12 Almennigur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

2. Lóð, athafnasvæði og húsnæði

- 2.1 Rekstraraðila er skylt að halda athafnasvæði, lóð og húsnæði hreinu og snyrtilegu og gæta þess að athafnasvæðið mengist ekki eða þar safnist fyrir úrgangur, svo og hlutir og búnaður sem ekki eru í notkun eða eru starfsemi óviðkomandi. Sorpgeymslur og ílát undir úrgang skulu standast kröfur Heilbrigðiseftirlitsins. Girðingum skal haldið við.
- 2.2 Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur fengið til afnota. Notkun lóðar og húsnæðis skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulags- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt. Heilbrigðiseftirlitið getur krafist þess að lóð eða svæði innan hennar sé afgirt.
- 2.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

3. Meðferð hættulegra efna

- 3.1 Geyma skal öll hættuleg efni á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið ónæði, heilsutjóni eða umhverfisskaða. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að efnavara eða stök efni séu geymd í læstum hirslum
- 3.2 Hættuleg efni skulu ekki geymd utandyra nema tryggt sé að mönnum og umhverfi stafi ekki hættu af þeim.
- 3.3 Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.
- 3.4 Umbúðir hættulegra efna skulu merktar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablanda.
- 3.5 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum.
- 3.6 Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á varasömum efnum. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, á efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

4. Meðferð úrgangs og spilliefna

- 4.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er.
- 4.2 Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Meðal annars skulu einstakar gerðir úrgangs flokkaðar sérstaklega sé það nauðsynlegt til að endurnotkun eða endurnýting geti farið fram.



- Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.
- 4.3 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.
 - 4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð traust ílát sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.
 - 4.5 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.
 - 4.6 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings viðkomandi úrgangs.
 - 4.7 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu aðgengilegar við eftirlit í fyrirtækinu.
 - 4.8 Leggist starfsemin niður skal öllum spilliefnum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir spilliefni.
 - 4.9 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni m.s.br. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs m.s.br.

5. Mengunarvarnir

- 5.1 Öll losun mengandi efna er óheimil án tilskilinna leyfa.
- 5.2 Rekstraraðila ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að vatn, loft eða jarðvegur mengist. Halda skal í lágmarki mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa. Rekstraraðila er skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur í mengunarvörnum þ.á.m. uppsetningu mengunarvarnabúnaðar, s.s. hreinsunarbúnaðar, loftútrása og hávaðavarna.
- 5.3 Ástand véla og tækja skal vera með þeim hætti að ekki valdi meiri mengun en ella. Ástand og eftirlit með mengunarvarnabúnaði skal vera þannig að búnaðurinn virki eins vel og kostur er.
- 5.4 Rekstraraðila ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu aðgengilegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind. Orku skal nýta vel.
- 5.5 Heilbrigðiseftirlitið getur farið fram á að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunaróhappa. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.
- 5.6 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir ónæði og heilsuspillandi áhrif af völdum hávaða frá starfseminni. Um hávaða fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.



- 5.7 Starfseminni skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu ónæði, óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna mengunar. Komi upp vandamál vegna lykta eða mengandi efna frá útblæstri, er rekstraraðila skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur, s.s. uppsetningu hreinsibúnaðar eða hærri útrásar. sbr. gr. 5.2.
- 5.8 Þar sem fljótandi mengandi efni eru til staðar s.s. hættuleg efni, olíuefni og spilliefni skal undirlag vera vökvahelt og viðbragðsbúnaður hafður til taks, s.s. ílát og efni eða búnaður sem sýgur í sig vökva. Uppsogsgeta búnaðar skal taka mið af magni efna sem geymd eru á staðnum og eðli. Þar sem mikið magn framangreindra efna er til staðar skal auk þess hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að efnin geti borist í niðurföll. Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um búnað, s.s. safntank eða lokubúnað á olíuskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður. Ef óhapp á sér stað skal leggja áherslu á að hefta útbreiðslu efnanna við uppsprettu og ná þeim upp áður en þau komast í frárennsli.
- 5.9 Við rekstur olíugeyma, meðhöndlun, notkun og geymslu á olíu, lýsi og grút, lífdísel og öðru lífheldsneyti, íblöndunarefni eða lífrænum leysum sem hafa svipaða eiginleika og olía og úrgangur þessara efna er meðhöndlaður eða geymdur ber að fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, m.s.br.
- 5.10 Þar sem neyslu-, húsa- eða lausageymar eru í notkun skulu vera öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir.
- 5.11 Neyslugeymar sem notaðir eru fyrir áfyllingu á farartæki skulu vera með yfirfyllingarviðvörðun eða yfirfyllingavörn. Afgreiðsluplan tengt olíuskilju skal vera við neyslugeyma til afgreiðslu á ökutæki, sbr. þó undanþáguákvæði í gr. 41. í rgl. 884/2017. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og gildandi stöðlum sbr. viðauka II í rgl. 884/2017. Olíu- og sandskiljur skal skoða og yfirfara reglulega, en þó eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti, og tæma og hreinsa eftir þörfum með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um olíuskiljur.
- 5.12 Gengið skal þannig frá neyslugeymum að ekki geti orðið sjálfrennsli frá þeim.
- 5.13 Neyslugeymir skal útbúinn afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sér stað. Afgreiðslubyssur skulu þannig útbúnar að ekki sé hægt að festa þær í opinni stöðu á milli afgreiðslna.
- 5.14 Þar sem olíuefni af jarðefnaolíuuppruna eru notuð skal koma í veg fyrir að þau berist út í umhverfið. Ef gera má ráð fyrir að olíuefni berist í frárennsli skal frárennslið leitt um olíuskilju. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Á olíuskiljunni skal vera búnaður til að loka fyrir frárennsli frá henni, þannig að hægt sé að safna þar olíu og dæla beint úr skiljunni verði stórfellt óhapp.
- 5.15 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, ásamt síðari breytingum.
- 5.16 Að öðru leyti skal fylgja ákvæðum rgl. 860/2000 um amalgammengað vatn og amalgammengaðan úrgang frá tannlæknastofum, rgl. nr. 920/2016 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmslofti og upplýsingar til almennings, rgl. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) ásamt síðari breytingum, rgl. 787/1999 um loftgæði, rgl. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, rgl. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, rgl. 798/1999 um fráveitur og skólþ, rgl. 799/1999 um meðhöndlun seyru, rgl. 804/1999 um varnir gegn



mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og rgl. 809/1999 um olíuúrgang.

6. Eigið eftirlit og skráningar

- 6.1 Rekstraraðili skal hafa eftirlit með öllum rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun. Jafnóðum skal skrá og geyma upplýsingar um:
- Eftirlit með, úttektir, prófanir, bilanir og viðhald á mengunarvarnabúnaði, þ.m.t. hreinsun á síum, olíuskiljum, skorsteinum og loftrásum.
 - Öll mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
 - Magn (kg,l) og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila. Enn fremur nafn flutningsaðila og móttökustöðvar.
 - Annað sem ber að skrá skv. ákvæðum reglugerða eða sértækra starfsleyfisskilyrða.

7 Starfsemi hætt

- 7.1 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnun og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun og til hreinsunar lóðar. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með a.m.k. mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.
- 7.2 Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal rekstraraðili ganga úr skugga um hvort svo sé þegar starfsemin er lögð niður eða flutt. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið.
- 7.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í rgl nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Samþykkt á 10. fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur 5.12.2018.

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR ALIFUGLA- OG SVÍNABÚ

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum og sbr. reglugerð nr. 520/2015 um eldishús alifugla, loðdýra og svína.

Í starfsleyfisskjali¹ skal tilgreina umfang starfseminnar, þ.e. þann fjölda dýra sem heimilt er að halda á búinu á hverjum tíma.

Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar heilbrigðisfulltrúum og sér viðeigandi heilbrigðisnefnd um reglubundið eftirlit með rekstrinum.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

Rgl.nr.

| | |
|---|---------------------------|
| 1.1 Starfsleyfisskilyrðin ná yfir öll alifuglabú með færri en 40.000 pláss fyrir alifugla og öll svínabú með færri en 2.000 stæði fyrir alisvín (yfir 30 kg) eða færri en 750 pláss fyrir gyltur. Starfsleyfið er gefið út á grundvelli kennitölu rekstraraðila og staðsetningu starfseminnar. Starfsleyfið fellur úr gildi ef skipt er um húsnæði. | 550/2018 |
| 1.2 Rekstraraðili skal taka upp innra eftirlit þar sem jafnóðum eru skráðir eftirfarandi þættir starfseminnar: <ul style="list-style-type: none"> • Fjöldi og tegund dýra (holdadýr, foreldradýr og afkvæmi) • Fjöldi sláturdýra og sjálfdaudra dýra, • Dagsett tæming þróa frárennslis, • Tæming hauggeymslna, dagsetning losunar og áætlað magn skíts, • Förgun annars úrgangs sem til fellur og áætlað magns úrgangs, þ.m.t. hræ og lyfjaleifar, • Mengunaróhöpp, • Skráning á frávikum og viðbrögðum við þeim. | 550/2018 8. og 57. gr. |
| 1.3 Starfsemin skal vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir. Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstrinum að öllu leyti, þar með talið að lögum og reglum sem eiga við um starfsemina sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum og samþykktum sveitarfélaga. Rekstraraðili ber ábyrgð á að starfsemin sé með þeim hætti að | 550/2018 6. og 56. gr. |

¹ Forsíða starfsleyfis

| | | |
|------|---|---|
| | hvorki fólki né umhverfi stafi hætta af. | |
| 1.4 | Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja fram úrbætur. | Lög 7/1998 reglugerðir nr. 550/2018 61. gr. |
| 1.5 | Lyf, lyfjaleifar og hættuleg og varasöm efni skulu geymd í læstri og loftræstri geymslu. Lyfjaleifum og spilliefnum skal jafnóðum komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. | Lög nr. 61/2013, og reglugerðar nr. 888/2015, 737/2003, 806/1999 |
| 1.6 | Eintak af skilyrðum þessum og viðkomandi lögum og reglum skulu ávallt tiltæk á vinnustað. | 550/2018 |
| 1.7 | Tilkynna skal viðeigandi heilbrigðisnefnd tímanlega ef starfsemi rekstraraðila er lögð niður eða ef breytingar verða á rekstrinum. Útgefandi starfsleyfis metur hvort ástæða sé til endurskoðunar starfsleyfis í ljósi breytinganna. Um endurskoðun starfsleyfiskilyrða fer samkvæmt ákvæðum í gr. 14 í reglugerð nr. 550/2018. | 550/2018 |
| 1.8 | Verði eigendaskipti skal nýr rekstraraðili sækja um breytingu á starfsleyfi skv. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Með umsókn um breytingu á starfsleyfi skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum. | 550/2018 |
| 1.9 | Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum starfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir. | Lög nr. 55/2012 reglugerð nr. 550/2018 55. gr. |
| 1.10 | Um eftirlit með starfseminni fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018. Um gjaldtöku fyrir eftirlit fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. | Lög nr. 7/1998 reglugerð nr. 550/2018 |
| 1.11 | Almenningur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlitsaðili birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega á vefsíðum sínum eða með öðrum aðgengilegum hætti. | 550/2018 |

2. MENGUNARVARNIR OG BÚNAÐUR

Rgl.nr.

| | | |
|-----|--|------------------------------------|
| 2.1 | Rekstraraðili skal fylgja ákvæðum um góða búskaparhætti. | |
| 2.2 | Nota skal lokaða og vökvahelda gáma við tímabundna geymslu dýrahreja og flutning á förgunarstað. Gámana skal þrifa og sótthreinsa eftir tæmingu. Förgun á dýrahrejum er einungis heimil á förgunarstað sem hefur til þess starfsleyfi og að uppfylltum skilyrðum a-liðar 1. gr. reglugerðar nr. 674/2017. | 737/2003, 674/2017 |
| 2.3 | Þess skal gætt að meindýr og vargfugl komist ekki í eldihús, æti, þrær, hauggeymslur og fái hvorki þrifist í né við búið. | 941/2002 |
| 2.4 | Óheimilt er að dreifa skít á stöðum þar sem hann getur mengað læki, ár eða vatnsból. | 737/2003, |
| 2.5 | Skít skal einungis dreifa á ófrosna jörð og að jafnaði á tímabilinu frá 15. mars til 1. nóvember ár hvert, mest á vorin og snemmsumars þegar jarðvegur og gróður þarf helst á áburði að halda. Við dreifingu skal taka tillit til nálægrar starfsemi og íbúðarhúsa með því að virða hæfileg fjarlægðarmörk og miða við hagstæðar vindáttir þ.e. að sem sjaldnast blási í átt að íbúabyggð. | 796/1999, 787/1999, 804/1999 |
| 2.6 | Dýraskít, hálm, sag og/eða hey úr búinu skal meðhöndla á þann hátt að ekki skapist smithætta við að nýta afurðina sem áburðarefni að mati Matvælastofnunar né skapist mengunarhætta að mati viðeigandi heilbrigðisnefndar. Við nýtingu skal uppfylla eftirfarandi skilyrði: <ol style="list-style-type: none"> Að fyrir liggi samþykkt framkvæmdaáætlun um dreifingu þar sem m.a. kemur fram áætlað magn, dreifingartími, dreifingarstaðir og samþykki landeiganda, sé rekstraraðili ekki eigandi lands, Að ekki sé hætta á að dreifing valdi mengun í vatnsbólum eða í yfirborðsvatni, Að tryggt sé að dreifing valdi ekki öðrum óþægindum eða ama s.s. vegna lyktar eða óþrifnaðar. Að fylgt sé þeim sértæku kröfum sem heilbrigðisnefnd setur dreifingunni s.s. er varða tímatakmörk og magn á flatareiningu o.þ.h. sbr. starfsreglur um góða búskaparhætti sem m.a. má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Sé meðhöndlun á skít, hálm og heyi ekki nægjanleg að mati Matvælastofnunar eða heilbrigðisnefndar til að koma í veg fyrir smithættu eða mengun umhverfis skal farga því á viðurkenndan hátt á móttökustað sem hefur til þess starfsleyfi. Sama gildir ef ekki er hægt að nýta meðhöndlaðan skít, hálm og hey samkvæmt liðum a.-d. | |

| | | |
|------|---|--|
| 2.7 | Þrifa og sótthreinsa skal deildir/hólf eldishúsa í hvert sinn sem skipt er um dýrahópa. | 787/1999 |
| 2.8 | Reglulegt viðhald og hreinsun skal vera á loftræstikerfi til að halda góðri virkni þess og svo ryk berist ekki frá eldishúsum. | |
| 2.9 | Geymslu skíts skal þannig fyrir komið að ekki sé hætta á útskolun og mengun í vatnsbólum eða í yfirborðsvatni. | 737/2003, |
| 2.10 | Skítur og mykja skal ekki blandast regnvatni og skal hún flutt í lokuðum kerfum úr eldishúsum í hauggeymslu. Við búið skal vera þétt og vönduð hauggeymsla og skal ekkert frárennsli vera frá henni. Stærð hauggeymslu skal miða við að hægt sé að nýta hauginn sem áburð á skynsamlegan hátt þegar jörð getur tekið við honum eða taka a. m. k. 6 mánaða haug. | 796/1999, 804/1999, 520/2015 |
| 2.11 | Ef ekki mögulegt að geyma skít skv. gr. 2.10 skal flytja skítinn á viðurkennda móttökustöð. Ef fyrirhugað er að nýta skít í jarðgerð á athafnasvæði rekstraraðila, eða á vegum hans utan athafnasvæði búsins, þarf að sækja um leyfi til þess til heilbrigðisnefndar. | |
| 2.12 | Skólp frá salernum og hreinlætisaðstöðu skal uppfylla skilyrði reglugerðar um fráveitur og skólp. | 798/1999 |
| 2.13 | Af alifugla- og svínabúum getur stafað lyktarmengun. Ef í ljós kemur að loftmengun eða ólykt frá starfseminni veldur fólki á nærliggjandi landareignum óþægindum, er heilbrigðisnefnd heimilt að krefjast sérstakra aðgerða. | Lög nr. 7/1998 og reglugerðir nr. 787/1999, |
| 2.14 | Rekstraraðila ber að gera viðeigandi ráðstafanir til að draga úr losun mengandi efna í andrúmsloft svo takmarka megi lyktarmengun frá búinu og óþægindum sem af henni stafa fyrir næstu nágranna sbr. 36. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. | 798/1999, 520/2015 |
| 2.15 | Tryggja skal að rakastig í búunum sé hæfilegt þannig að komið sé í veg fyrir óþarfa útblástur. | |
| 2.16 | Fjarlægð á milli eldishúsa og vatnsbóla eða matvælafyrirtækja skal vera í samræmi við 4. gr. reglugerðar nr. 520/2015. | 520/2015 |
| 2.17 | Fjarlægð á milli eldishúsa og annarra eldishúsa íbúðarhúsa skulu vera í samræmi við liði I og IV 6. greinar reglugerðar nr. 520/2015. | |
| 2.18 | Við nýbyggingu eldishúsa og við meiriháttar breytingar eða stækkanir á eldishúsum, sem valdið geta óþægindum umfram það sem fyrir er, skal fjarlægð við vatnsból að lágmarki vera 200 m hafi vatnsverndarsvæði ekki verið ákvörðuð. | |
| 2.19 | Við aðkeyrslur að húsum skal vera bundið, steinsteypt eða malbikað, yfirborðslag með niðurföllum og lekt malar- og steinefnalag sem skal haldið hreinu af illgresi, rusli og aðskotahlutum á milli og við eldishús. | 737/2003 |
| 2.20 | Á lóðinni skal ekki geyma vélar, tæki eða annan búnað sem ekki er í notkun eða geta valdið óþrifum. | |

| | |
|---|----------|
| 2.21 Olúgeymar ofanjarðar skulu útbúnir árekstrarvörn og lekavörn skv. ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi á landi. Um frágang, staðsetningu og uppsetningu olúgeyma skal farið skv. ákvæðum reglugerðar um um varnir gegn olúmengun frá starfsemi á landi. | 884/2017 |
|---|----------|

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og reglugerð nr. 520/2015 um eldihús alifugla, loðdýra og svína.